



# Fréttabréf Brekkuskóla

31. maí 2013  
7. tbl. skólaárið 2012-2013  
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

## Ágæta skólasamfélag.

Þá er komið að síðasta fréttabréfi þessa skólaárs sem hefur verið viðburðaríkt og skemmtilegt. Nú í vor útskrifast frá skólanum 54 nemendur og innritaðir nemendur í 1. bekk næsta haust eru 45 talsins. Nokkrir nýir kennarar hefja störf hjá okkur í haust. Þau heita Hanna, Friðrik Þór, Rósa Hrefna, Sigþór Atli, Elín Auður, Hulda og Heiðís. Hlökkum við til að fá þau í hópinn með okkur. Skólabyrjun í haust hefst að venju með samtölum við nemendur og foreldra þann 22. og 23. ágúst. Boð í samtöl verða send út eigi síðar en 19. ágúst.

Vorið góða, grænt og hlýtt,  
græðir fjör um dalinn.  
Allt er nú sem orðið nýtt,  
ærnar, kýr og smalinn.

Kveður í runni, kvakar í mó  
kvikur þrastasöngur.  
Eins mig fýsir alltaf þó:  
aftur að fara í göngur

*Jónas Hallgrímsson*

Fyrir hönd starfsfólks Brekkuskóla er foreldrum, nemendum og nærsamfélagi öllu færðar þakkir fyrir samstarfið í vetur og góðar óskir um ánægjulega sumardaga.

Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólalastjóri

## Frístund

Síðasti opnunardagur Frístundar þetta skólaárið er miðvikudaginn 5. júní sem er skólaslitadagurinn. Fyrsti opnunardagur Frístundar í haust verður skólasetningardaginn 22. ágúst en þá verður hún opin frá kl. 08:00 um morguninn. Skólaárið 2013-2014 hefst með samtölum þann 22. og 23. ágúst samkvæmt útsendum boðunum sem send verða foreldrum eigi síðar en mánudaginn 19. ágúst. Starfsfólk Frístundar í Brekkuskóla óskar nemendum, foreldrum og forráðamönnum góðra sumardaga.



*Frístundahetjurnar*



## Skólaslit

Skólaslit Brekkuskóla verða **miðvikudaginn 5. júní 2013** sem hér segir:

**1.- 2. bekkur** kl. 13:00

**3. - 4. bekkur** kl. 12:00

**5., 6. - 7. bekkur** kl. 11:00

**8. - 9. bekkur** kl. 10:00

Nemendur mæta á sal en fara síðan í heimastofu til umsjónarkennara.

Sama dag eru skólaslit og útskriftarathöfn **10. bekkja**. Athöfnin hefst á sal skólans kl. 15:30 og eru foreldrar, forráðamenn og velunnarar skólans hjartanlega velkomnir.



## Óskilamunir



Mikið af óskilamunum hefur safnast upp í skólanum í vetur. Starfsfólk skólans hefur nú sett munina á áberandi staði á göngunum. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að lita við og fara yfir þessa muni. Um er að ræða ýmsan fatnað, nestisbox, töskur, ípróttafatnað og ípróttapoka.

## Brekkuskóli

v/Skólalastið  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
[www.brekkuskoli.is](http://www.brekkuskoli.is)

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

## Viðburðadagatal og matseðill – Maí/Júní 2013

					31. Óvissa föstudagsins  Leitin mikla í 8.- 9. bekk Skólaferðalag 10. b	1. júní
2.	3. Fiskur alls konar og meðlæti <b>Gleðidagur :-)</b> tilbreytingardagur  10. Starfsdagur	4. <b>Vorgrill</b> Grillaðar pylsur og safi <b>Sérstakir gestir:</b> <b>Verðandi 1. bekkingar</b>	5. <b>Skólaslit</b> Skv. auglýsingu	6. <b>Starfsdagur</b> Nemendur komnir í sumarleyfi	7. <b>Starfsdagur</b>	8.

### Skólamyndir

Á skólaslitum skólans miðvikudaginn 5.júní n.k. verða myndirnar sem teknar voru af börnunum fyrir í vetur til sýnis og sölu.

Um er að ræða hópmynd af bekknum ásamt kennara með nöfnum allra í str. 20x25/20x30cm og einstaklingsmynd 1 stk. í str. 13x18cm og 2 stk. í str. 10x15cm.  
Verðið er 3500.- og tekið verður við greiðslukortum.

Ath.Þetta er síðasta tækifærið sem gefst til þess að nálgast skólamyndirnar af börnunum!



9. bekkur kynir störf

### Vorgrill og leikjadagur

Þriðjudaginn 4. júní verður hinn árlegi vorgrill- og leikjadagur Brekkuskóla. Þá fara nemendur í leikjastöðvar á skólalóð og enda svo í grilli á stéttinni við aðalandyri skólans. Dagurinn verður að þessu sinni heglaður Unicef hreyfingunni á Íslandi þar sem við sameinumst í verki með hreyfingu í þágu barna. Verkefnið felur í sér fræðslu um veruleika barna í Palestínu og horfa m.a. á myndina "Ejaz dreymir um menntun". Dagskrá Vorgrilldagsins og útileikja er sem hér segir:

#### 1. - 6. bekkur:

Kl.08:00 – 09:00 1.- 4.b "frjáls mæting" - opið í stofum – spil og rólegheit  
Kl.09:00 Mæting. Allir í 1. – 6. bekk  
Kl.09:20 – 10:20 Útileikir – stöðvar á skólalóð. Nemendur safna "öpum" í apakverið sitt (Unicef).  
Kl.10:20 – 10:40 Frímínútur. Mæting síðan í stofur til umsjónarkennara  
Kl.11:20 Grill 1. og 2.bekkur - heimferð eða Frístund eftir grill (5 ára innrituðum nemendum boðið í grill.  
Gjöf frá vinum Brekkuskóla).  
Kl.11:40 Grill 3. og 4.bekkur – heimferð eða Frístund eftir grill  
Kl.11:50 Grill 5. og 6.bekkur – heimferð eftir grill

*Nemendur í 1. - 4. bekk eru í umsjón kennara sinna til kl. 12:00.  
Þá opnar Frístund og hinir fara heim sem ekki eru skráðir þar.*

#### 7.- 10. bekkur:

Kl.10:30 Mæting hjá umsjónarkennara. Allir í 7. – 10.bekk  
Kl.12:00 Grill og heimferð eftir það



8. bekkur í tiltekt á skólalóð vorið 2013

**Menntun**

**Gleði**

**Umhyggja**

**Framfarir**